

Alþingi

Erindi nr. D 118 / 685

komudagur 9 / 1 1998 12.12.94

EINKAHLUTAFÉLÖG

Breytingatillaga við 1. másl. 3. mgr. 44. gr. frumvarps til einkahlutafélaga:

Í stað orðanna "Félagsstjórn skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins" komi: "Félagsstjórn ber ábyrgð á að ákvæðum laga um bókhald og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt og hefur eftirlit með meðferð fjármuna félagsins."

Þetta orðalag er í samræmis við 5. gr. bókhaldsfrumvarpsins en þar segir að stjórnendur félaga skuli sjá um og bera ábyrgð á að ákvæðum bókhaldslaganna og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt.

HLUTAFÉLÖG

Breytingatillaga við b lið 56. gr. frumvarps til hlutafélaga:

Við b lið bætist ný eftirfarandi málslíður: 1.másl. 3. mgr. orðist svo:

Félagsstjórn ber ábyrgð á að ákvæðum laga um bókhald og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt og hefur eftirlit með meðferð fjármuna félagsins.

3. mgr. orðast þá þannig með breytingunum:

Félagsstjórn ber ábyrgð á að ákvæðum laga um bókhald og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt og hefur eftirlit með meðferð fjármuna félagsins. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna sé með tryggum hætti

Í stað

Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Framkvæmdastjóri skal sjá um bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna sé með tryggum hætti

Er 1. másl. í samræmi við 5. gr. bókhaldsfrv. sem segir að stjórnendur félaga skuli sjá um og bera ábyrgð á að ákvæðum bókhaldslaganna og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt.